

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi „Íbúðabyggðar á norðuröxl Fjánhúsholts“ vegna Háabergs 31 í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. október 2002 breytingu á deiliskipulagi „Íbúðabyggð á norðuröxl Fjánhúsholts“ vegna Háabergs 31 í Hafnarfirði.

Breytingin felur í sér að súrheysturn á lóðinni megi standa áfram og verða felldur inn í íbúðarhús og að byggingarreitur stækki.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 25. nóvember 2002.*

**Hafdís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri.